

Svar

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Helgu A. Erlingsdóttur um hlutföll kynja í stjórnnum, nefndum og ráðum á vegum opinberra aðila.

Ákveðið var að afla einungis upplýsinga um hlutfall kynja í stjórnnum, nefndum og ráðum á vegum ráðuneyta. Því eru ekki tilgreindar upplýsingar um hlutfall kynja á vegum einstakra sveitarfélaga né opinberra stofnana eða fyrirtækja.

1. *Hver voru hlutföll milli kynja í stjórnnum, nefndum og ráðum á vegum ríkisins í upphafi þessa árs?*

Skrifstofa jafnréttismála aflaði í byrjun þessa árs upplýsinga um fjölda kvenna og karla í opinberum nefndum, stjórnnum og ráðum á vegum ráðuneyta. Var miðað við þær nefndir sem voru að störfum um síðustu áramót.

Tafla 1. Heildarfjöldi kvenna og karla í opinberum nefndum, stjórnnum og ráðum, auk hlutfalls kvenna þar af, skipt eftir ráðuneytum.

Ráðuneyti	Fjöldi	Konur	Karlar	Hlutfall kvenna	
				2000	1990
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	236	50	186	21,2	6,5
Félagsmálaráðuneyti	370	137	233	37,0	22,5
Fjármálaráðuneyti	662	134	528	20,2	16,2
Forsætisráðuneyti	182	37	145	20,3	7,1
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti . . .	582	221	361	38,9	21,1
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti	498	86	412	17,3	4,1
Landbúnaðarráðuneyti	307	31	276	10,1	5,6
Menntamálaráðuneyti	1.736	557	1.179	32,1	29,3
Samgönguráðuneyti	294	33	261	11,2	8,3
Sjávarútvegsráðuneyti	153	23	130	15,0	6,4
Umhverfissráðuneyti	316	67	249	21,2	5,5
Utánríkisráðuneyti	80	13	67	16,3	6,2
Samtals	5.416	1.389	4.027	25,6	16,6

Tafla 1 sýnir heildarfjölda kvenna og karla í opinberum nefndum, stjórnnum og ráðum, skipt eftir ráðuneytum, en 25,6% þeirra eru konur. Hefur hlutur kvenna í hvers konar nefndarstörfum í Stjórnarráðinu því aukist um tæp 10% á tíu árum.

Hlutfall kvenna í þessum störfum hefur hækkað hjá öllum ráðuneytum á tímabilinu. Hlutur þeirra í nefndum, stjórnnum og ráðum hefur fjórfaldast í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og umhverfissráðuneyti. Í tveimur ráðuneytum, dóms- og kirkjumálaráðuneyti og forsætisráðuneyti, hefur hlutur kvenna nær þrefaldast og er nú um og yfir 20%. Í heilbrigðis- og

tryggingamálaráðuneyti er hlutur kvenna þó mestur, eða um 38,9%, og hefur hlutfall kvenna nánast tvöfaldast þar frá árinu 1990. Sama er upp á teningnum hjá félagsmálaráðuneyti en þar hefur hlutfall kvenna hækkað úr 22,5% í 37,0% á tímabilinu. Hlutfall kvenna er áberandi lægst í landbúnaðarráðuneyti og samgönguráðuneyti, eða rúm 11%. Hlutur kvenna hefur þó tvöfaldast í nefndum, stjórnnum og ráðum á vegum landbúnaðarráðuneytis frá árinu 1990.

2. *Hverjir tilnefna í stjórnir, nefndir og ráð þegar um slíkt er að ræða? Hve margar konur og hve margir karlar eru tilnefnd eða skipuð og hversu margar eru nefndirnar? Svar óskast sundurliðað eftir ráðuneytum og því hvort um tilnefningar er að ræða eða ekki.*

Í töflum 2–11 má sjá fjölda þeirra kvenna og karla sem skipaður hefur verið í nefndir, stjórnir og ráð á vegum ráðuneyta. Fyrir sérhvert ráðuneyti er sérstaklega greint milli nefndarmanna sem tilnefndir eru af Alþingi, hagsmunaaðilum, viðkomandi ráðherra og ráðuneyti eða öðrum ráðuneytum. Ákveðið var að tilgreina ekki sérstaklega einstaka hagsmunaaðila þar sem um mikinn fjölda er að ræða.

Athygli er vakin á að kallað var eftir gögnum úr hverju ráðuneyti fyrir sig og var misjafnt á hvern hátt þau voru unnin. Var reynt að samræma upplýsingarnar eftir megni. Hugsanlegt er að skörun sé milli tilnefninga einstaks ráðherra og ráðuneytis þar sem hvorki kom skýrt fram hver tilnefndi né var unnt að styðjast við lögmælt skipan nefndar.

Nefndarmenn sem teljast tilnefndir af óskilgreindum aðilum eru meðal annars þeir sem gegna embættum sem eru lögskipuð í nefndir auk þeirra sem Hæstiréttur tilnefnir í úrskurðarnefndir eða álitsnefndir innan stjórnarsýslunnar, svo sem úrskurðarnefnd almannatrygginga, úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála og kærunefnd jafnréttismála. Þegar embætti eru lögskipuð í nefndir þarf sá er gegnir tilteknu embætti að sitja í viðkomandi nefnd. Eðli málsins samkvæmt geta tilnefningaraðilar þá ekki haft áhrif á kynjahlutfall í þeim nefndum, stjórnnum og ráðum. Hæstiréttur tilnefnir fulltrúa í fáeinar nefndir innan stjórnarsýslunnar í ljósi þess hversu hlutlaus hann telst. Þótti ekki ástæða til að tilgreina tilnefningar hans sérstaklega.

Í eftirfarandi töflum kemur fram fjöldi kvenna og karla í nefndum, stjórnnum og ráðum á vegum einstakra ráðuneyta, auk hlutfalls kvenna, sundurliðað eftir tilnefningaraðilum.

Tafla 2. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Tilnefningaraðilar	Fjöldi	Konur	Karlar	Hlutfall kvenna
Alþingi	45	7	38	15,6
Hagsmunaaðilar	33	7	26	21,2
Ráðherra/án tilnefningar	7	2	5	28,6
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	140	35	105	25,0
Önnur ráðuneyti	8	2	6	25,0
Óskilgreint	–	–	–	–
Samtals	233	53	180	22,7

Tafla 3. Félagsmálaráðuneyti.

Tilnefningaraðilar	Fjöldi	Konur	Karlar	Hlutfall kvenna
Alþingi	2	1	1	50,0
Hagsmunaaðilar	252	91	161	36,1
Ráðherra/án tilnefningar	82	34	48	41,5
Félagsmálaráðuneyti	14	7	7	50,0
Önnur ráðuneyti	32	14	18	43,8
Óskilgreint	12	2	10	16,7
Samtals	394	149	245	37,8

Tafla 4. Fjármálaráðuneyti.

Tilnefningaraðilar	Fjöldi	Konur	Karlar	Hlutfall kvenna
Alþingi	7	2	5	28,6
Hagsmunaaðilar	121	22	99	18,2
Ráðherra/án tilnefningar	35	11	24	31,4
Fjármálaráðuneyti	286	57	229	19,9
Önnur ráðuneyti	108	16	92	14,8
Óskilgreint	86	3	83	3,5
Samtals	643	111	532	17,3

Tafla 5. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Tilnefningaraðilar	Fjöldi	Konur	Karlar	Hlutfall kvenna
Alþingi	13	5	8	38,5
Hagsmunaaðilar	239	106	133	44,4
Ráðherra/án tilnefningar	65	23	42	35,4
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	137	43	94	31,4
Önnur ráðuneyti	26	13	13	50,0
Óskilgreint	9	5	4	55,6
Samtals	489	195	294	39,9

Tafla 6. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Tilnefningaraðilar	Fjöldi	Konur	Karlar	Hlutfall kvenna
Alþingi	50	15	35	30,0
Hagsmunaaðilar	296	50	246	16,9
Ráðherra/án tilnefningar	95	20	75	21,1
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti	61	10	51	16,4
Önnur ráðuneyti	5	1	4	20,0
Óskilgreint	34	12	23	35,3
Samtals	542	108	434	19,9

Tafla 7. Landbúnaðarráðuneyti.

Tilnefningaraðilar	Fjöldi	Konur	Karlar	Hlutfall kvenna
Alþingi	0	0	0	0,0
Hagsmunaaðilar	73	2	71	2,7
Ráðherra/án tilnefningar	24	4	20	16,7
Landbúnaðarráðuneyti	113	12	101	10,6
Önnur ráðuneyti	21	2	19	9,5
Óskilgreint	5	0	5	0,0
Samtals	236	20	216	8,5

Tafla 8. Menntamálaráðuneyti.

Tilnefningaraðilar	Fjöldi	Konur	Karlar	Hlutfall kvenna
Alþingi	28	15	13	53,6
Hagsmunaaðilar	966	305	661	31,5
Ráðherra/án tilnefningar	502	161	341	32,1
Menntamálaráðuneyti	164	59	105	36,0
Önnur ráðuneyti	42	12	30	28,6
Óskilgreint	6	0	6	0,0
Samtals	1.708	552	1.156	32,3

Tafla 9. Samgönguráðuneyti.

Tilnefningaraðilar	Fjöldi	Konur	Karlar	Hlutfall kvenna
Alþingi	3	0	3	0,0
Hagsmunaaðilar	106	8	98	7,5
Ráðherra/án tilnefningar	112	13	99	11,6
Samgönguráðuneyti*	–	–	–	–
Önnur ráðuneyti*	–	–	–	–
Óskilgreint	–	–	–	–
Samtals	221	21	200	9,5

*Ekki fengust upplýsingar um tilnefningar frá þessum aðilum.

Tafla 10. Sjávarútvegsráðuneyti.

Tilnefningaraðilar	Fjöldi	Konur	Karlar	Hlutfall kvenna
Alþingi	0	0	0	0,0
Hagsmunaaðilar	99	10	89	10,1
Ráðherra/án tilnefningar	14	2	12	14,3
Sjávarútvegsráðuneyti	21	9	12	42,9
Önnur ráðuneyti	5	0	5	0,0
Óskilgreint	15	2	13	13,3
Samtals	154	23	131	14,9

Tafla 11. Umhverfissráðuneyti.

Tilnefningaraðilar	Fjöldi	Konur	Karlar	Hlutfall kvenna
Alþingi	0	0	0	0,0
Hagsmunaaðilar	160	27	133	16,9
Ráðherra/án tilnefningar	39	16	23	41,0
Umvhverfissráðuneyti	52	9	43	17,3
Önnur ráðuneyti	26	4	22	15,4
Óskilgreint	10	1	9	10,0
Samtals	287	57	230	19,9

Tafla 12. Utanríkisráðuneyti.

Tilnefningaraðilar	Fjöldi	Konur	Karlar	Hlutfall kvenna
Alþingi	6	3	3	50,0
Hagsmunaaðilar	15	1	14	6,7
Ráðherra/án tilnefningar	34	3	31	8,8
Utanríkisráðuneyti	17	4	13	23,5
Önnur ráðuneyti	5	1	4	20,0
Óskilgreint	4	0	4	0,0
Samtals	81	12	69	14,8

Þegar upplýsingar um skiptingu eftir tilnefningaraðilum í stjórnir, nefndir og ráð á vegum ráðuneyta eru bornar saman við töflu 1 kemur fram smávægilegur munur milli hlutfallstalna. Líklegasta skýringin er sú að tölurnar í töflu 1 eru frá síðustu áramótum en gögnin sem notuð voru í athugininni eru frá marsmánuði. Á þeim tíma sem liðið hefur frá áramótum hafa einstakar nefndir lokið störfum og nýjar verið settar á laggirnar sem að sjálfsögðu getur raskað kynjahlutföllunum um fáeina hundraðshluta.

Þegar litið er á tilnefningar í stjórnir, nefndir og ráð á vegum ráðuneyta í heild kemur í ljós að hagsmunaaðilar tilnefna um 47% nefndarmanna. Af þeim 2.360 einstaklingum sem hagsmunaaðilar hafa tilnefnt eru 629 konur, eða um 26,7%. Hluttur kvenna er mestur hjá þeim hagsmunaaðilum sem tilnefna í nefndir, stjórnir og ráð á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, eða um 44%. Hlutfall kvenna er einnig hátt hjá hagsmunaaðilum sem til-

nefna fyrir félagsmálaráðuneyti, um 36%, og fyrir menntamálaráðuneyti, um 32%. Áberandi lægst er hlutfall kvenna hjá þeim hagsmunaaðilum sem tilnefna í nefndir, ráð og stjórnir á vegum landbúnaðarráðuneytis, eða tæp 3%.

Ráðherrar skipa án tilnefningar um 20% þeirra sem sitja í stjórnnum, nefndum og ráðum á vegum ráðuneytanna en misjafnt er milli ráðuneyta hversu hátt hlutfall nefndaraðila ráðherra skipar. Þegar litið er á heildina hafa þeir skipað alls 289 konur án tilnefninga, eða tæp 29% þeirra sem þeir skipa sjálfir. Félagsmálaráðherra og umhverfisráðherra hafa verið ötulastir ráðherra við að skipa konur í stjórnir, nefndir og ráð á vegum ráðuneyta sinna. Tæp 42% þeirra er félagsmálaráðherra hefur skipað án tilnefninga eru konur, en 41% þeirra sem eru í tilnefningarhópi umhverfisráðherra. Þá fylgja á eftir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, menntamálaráðherra og fjármálaráðherra, en konur hafa verið yfir 30% þeirra sem þeir hafa skipað án tilnefninga. Utanríkisráðherra hefur lægst hlutfall kvenna í tilnefningarhópi sínum, eða tæp 9%. Athygli er vakin á því að þessar tölur fela ekki í sér fjölda þeirra sem ráðherrar tilnefna í stjórnir, nefndir og ráð á vegum annarra opinberra aðila en ráðuneyta þeirra hvers um sig.

Þegar tilnefningar ráðuneytanna eru skoðaðar í heild kemur í ljós að ráðuneytin tilnefna sjálf um 20% þeirra sem sitja í stjórnnum, nefndum og ráðum á eigin vegum. Ráðuneytin tilnefna hins vegar einungis um tæp 6% þeirra sem sitja í stjórnnum, nefndum og ráðum á vegum annarra ráðuneyta. Ekki bárust upplýsingar frá samgönguráðuneyti um tilnefningar ráðuneytisins sjálfs. Þegar litið er á tilnefningar ráðuneyta í eigin nefndir, stjórnir og ráð í heild kemur í ljós að ráðuneytin tilnefna konur í um 24% tilvika, en misjafnt er milli ráðuneyta hversu hátt hlutfall nefndarmanna þau tilnefna sjálf. Félagsmálaráðuneytið hefur tilnefnt jafnmargar konur og karla í stjórnir, nefndir og ráð á eigin vegum. Athyglisvert er að hlutfall kvenna í tilnefningarhópi sjávarútvegsráðuneytis er mjög hátt, tæp 43%, í samanburði við það hlutfall kvenna sem er í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum ráðuneytisins. Landbúnaðarráðuneyti hefur tilnefnt lægsta hlutfall kvenna, eða um 11% þeirra sem það hefur tilnefnt í eigin stjórnir, nefndir og ráð.

Ekki liggja fyrir sams konar upplýsingar frá árinu 1990. Skrifstofa jafnréttismála hefur þó reglulega tekið saman upplýsingar um stöðu kvenna í stjórnnum, nefndum og ráðum hjá ráðuneytum. Þessar upplýsingar koma m.a. fram í skýrslum félagsmálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála, í ársskýrslum Skrifstofu jafnréttismála og ýmsum öðrum gögnum sem eru aðgengileg á skrifstofunni. Eftirfarandi tafla sýnir helstu niðurstöður þessara úttekta.

Tafla 13. Hlutfall kvenna og karla í stjórnnum, nefndum og ráðum á vegum ráðuneyta á árunum 1987, 1990, 1994, 1998 og 2000.

	1987	1990	1994	1998	2000
Hlutfall kvenna	9,5	16,6	20,8	21,8	25,6
Hlutfall karla	90,6	84,6	79,2	78,2	74,4

Eins og sjá má af töflu 13 hefur hlutur kvenna í stjórnnum, nefndum og ráðum á vegum ráðuneyta sífellt verið að aukast þó að hægt miði. Mest var aukningin á árunum 1987–1994 en þá tvöfaldaðist hlutur kvenna í stjórnnum, nefndum og ráðum. Frá 1994 hefur hlutur kvenna aukist hægar, eða um 4%.

3. *Hve margar nefndir eru á vegum ríkis og sveitarfélaga sameiginlega, hverjir tilnefna í hverja þeirra og hver eru hlutföllin milli kynja?*

Engar nefndir starfa sameiginlega á vegum einstakra ráðuneyta og sveitarfélaga. Hins vegar tilnefna einstök sveitarfélög eða samtök þeirra fulltrúa í ýmsar stjórnir, nefndir og ráð á vegum ráðuneytanna. Var aflað upplýsinga um þær nefndir hjá ráðuneytunum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti: Samband íslenskra sveitafélaga tilnefnir fulltrúa í tvær nefndir á vegum ráðuneytisins. Er óskað tilnefninga þriggja aðila og eru það allt karlar.

Félagsmálaráðuneyti: Einstök sveitarfélög eða samtök þeirra eiga fulltrúa í 36 stjórnunum, nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins, þar á meðal Samband íslenskra sveitarfélaga. Misjafnt er hversu marga fulltrúa þessir aðilar eiga í hverri stjórn, nefnd eða ráði en alls eru 70 aðilar tilnefndir. Þar af er 21 kona, eða 30%.

Fjármálaráðuneyti: Samband íslenskra sveitarfélaga á þrjá fulltrúa í nefndum á vegum ráðuneytisins, tvær konur og einn karl.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti: Alls starfa 45 stjórnir, nefndir og ráð á vegum ráðuneytisins þar sem sveitarfélög eða samtök þeirra tilnefna fulltrúa sína. Ber þar helst að nefna stjórnir heilsugæslustöðva víðs vegar um landið. Sveitarfélögin og samtök þeirra eiga alls 122 fulltrúa í þessum stjórnunum, nefndum og ráðum en þar af er 51 kona, eða um 42% þeirra sem þessir aðilar tilnefna.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti: Fulltrúar sveitarfélaganna sitja í fjórum stjórnunum, nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins. Ekki fylgdu upplýsingar um kynjahlutfall þessara fulltrúa.

Landbúnaðarráðuneyti: Samband íslenskra sveitarfélaga á tvo fulltrúa í jafnmörgum nefndum á vegum ráðuneytisins, og eru báðir karlar.

Menntamálaráðuneyti: Ýmis sveitarfélög auk samtaka þeirra eiga fulltrúa í stjórnunum, nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins. Ekki fengust upplýsingar um hversu margar stjórnir, nefndir og ráð er að ræða en alls eru tilnefndir 153 fulltrúar. Þar af eru konur 57, eða um 37%.

Samgönguráðuneyti: Samtök sveitarfélaga eiga fjóra fulltrúa í einni nefnd á vegum ráðuneytisins en þar á meðal er ein kona.

Umhverfisráðuneyti: Einstök sveitarfélög og samtök þeirra eiga 38 fulltrúa í 25 stjórnunum, nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins. Þar af eru sex konur, eða tæp 16% fulltrúa sveitarfélaga.

Utánríkisráðuneyti: Sveitarfélög eða samtök þeirra eiga ekki fulltrúa í stjórnunum, nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um hlutfall kynja í tilnefningum ráðuneyta í nefndir, stjórnir og ráð á vegum sveitarfélaga. Til frekari fróðleiks um hlutfall kynjanna má geta þess að í skýrslu sem unnin var á vegum Skrifstofu jafnréttismála um úrslit sveitarstjórnarkosninganna árið 1994 með tilliti til stöðu kvenna kom fram að á kjörtímabilinu 1990–1994 voru konur 30% fulltrúa í nefndum, stjórnunum og ráðum hjá stærstu sveitarfélögum landsins. Það hlutfall endurspeglar nokkuð vel hlutfall þeirra í sveitarstjórnunum þessara sveitarfélaga en það var 31,5%. Á kjörtímabilinu 1994–1998 var sambærilegur hlutur kvenna í nefndum og ráðum sveitarstjórna 33,3%.